

Garðabær
B.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólgötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 9. júní 2022
Tilv.: MRN22020376/6.14.2

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Flataskóla lokið

Þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti fól Menntamálastofnun að gera úttekt á Flataskóla í janúar 2018. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og var markmiðið að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslu um úttektina var skilað til ráðuneytisins í mars 2018. Í kjölfar skýrslunnar sendi ráðuneytið sveitarfélaginu bréf með óskum um umbætur dags. 10. apríl 2018. Umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans barst ráðuneytinu 1. júní 2018.

Mennta- og barnamálaráðuneyti sendi sveitarfélaginu bréf dags. 2. maí sl. með beiðni um upplýsingar um hvernig hafi gengið að framfylgja þeim umbótum sem fram koma í umbótaáætlun frá júní 2018. Svarbréf skólastjóra með upplýsingum um framgang umbóta og staðfestingu hans á að umbótum í kjölfar úttektar væri lokið barst ráðuneytinu dags. 23. maí sl. Með bréfi dags. 8. júní sl. óskaði ráðuneytið eftir staðfestingu sveitarstjórnar á að umbótum væri lokið auk mats sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hafi tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar. Svarbréf sveitarstjórnar með upplýsingum um mat þeirra á framkvæmdum umbóta barst ráðuneytinu dags. 9. júní 2022 ásamt staðfestingu á að umbótum væri lokið.

Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu er hér með lokið að hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Sunna Viðarsdóttir